

Gögnin sem þurfa að fylgja umsókn um forsamþykki eru:

- [Umsóknareyðublað frá sýslumannsembættinu](#)
- [Heilbrigðis- og læknisvottorð](#)
- [Hjónavígsluvottorð](#) og/eða [staðfesting á sambúð](#)
- [Vottorð um hjúskaparstöðu](#) (einhleypir)
- [Staðfest ljósrit af skattskýrslu](#) síðustu þrjú árin
- Launaseðlar
- Greiðsluseðlar vegna lána, ef við á
- Stöðuyfirlit LÍN, ef við á
- Staðfesting á námskeiði „Er ættleiðing fyrir mig“
- Þrjú til fimm nöfn á meðmælendum
- Fæðingavottorð ef umsækjandi er ekki fæddur á Íslandi
- [Fæðingavottorð](#)
- [Listi yfir skilgreindar þarfir](#) (val)

Umsóknareyðublað frá sýslumannsembættinu: Eyðublað frá sýslumannsembættinu sem heitir „Umsókn um forsamþykki til að ættleiða barn erlendis“.

Heilbrigðis- og læknisvottorð: Eyðublað frá sýslumannsembættinu sem heitir „Heilsufarsupplýsingar og læknisvottorð fyrir væntanlegt kjörforeldri“.

Hluti I útfyllist af umsækjenda í viðurvist læknis og **hluti II** útfyllist af lækni umsækjenda. Ef ekki er hægt að nálgast heimilislækni má lækni sem annast hefur umsækjanda gefa vottorðið út. Læknisvottorð verður að hafa verið gefið út á síðustu **þremur mánuðum** áður en umsókn er lögð fram. Ef umsækjandi er haldinn sjúkdómi eða er með ákveðið líkamsástand kallar sýslumaður eftir viðbótarvottorði frá sérfræðingi. Betra er því að fá þetta viðbótarvottorð áður en umsókn er lögð inn til að forðast tafir. Umsækjendur skulu vera svo andlega og líkamlega heilsuhaustir að tryggj sé, eftir því sem unnt er, að ættleiðing verði barni fyrir bestu. Því mega umsækjendur ekki vera haldnir sjúkdómi eða þannig á sig komnir að það dragi úr lífslíkum þeirra á þeim tíma þar til barn verður sjálfráða, eða minnki möguleika þeirra til að annast vel um barn.

Hjónavígsluvottorð og/eða staðfesting á sambúð: Hjón þurfa að hafa verið sannanlega í samfelldri sambúð í a.m.k. 3 ár. Fólk í óvígðri sambúð þarf að hafa verið sannanlega í samfelldri sambúð í a.m.k. 5 ár. Þjóðskrá gefur þessi vottorð út og kostar eitt vottorð 2.550 krónur.

Vottorð um hjúskaparstöðu (einhleypir): Einhleypir þurfa að framvísa vottorði þar sem fram kemur að umsækjandi er ógiftur og ekki í sambúð. Þjóðskrá gefur þetta vottorð út og kostar það 2.550 krónur.

Staðfest ljósrit af skattskýrslu síðustu þrjú árin: Umsækjandi skráir sig inn á heimasíðu [Ríkisskattstjóra](#) og sækir staðfest afrit af skattskýrslum. Þessi afrit eru síða send sem viðhengi með tölvupósti á netfangið isadopt@isadopt.is. ÍÆ sannreynir síðan skattskýrsluna og prentar hana út áður en hún er send sýslumanni. Ef ekki er komið skattframtal fyrir árið þarf að senda með gögn um tekjur næstliðins árs.

Greiðsluseðlar vegna lána, ef við á.

Stöðuyfirlit frá lánveitanda og stöðuyfirlit LÍN, ef við á.

Launaseðlar: Umsækjendur þurfa að skila inn þrem síðustu launaseðlum

Staðfesting á námskeið „Er ættleiðing fyrir mig“: Umsækjendur þurfa að fara á undirbúningsnámskeið fyrir væntanlega kjörforeldra, en það er skyldunámskeið fyrir verðandi foreldra og er forsenda fyrir útgáfu forsamþykkis. ÍÆ heldur námskeiðið og stundum ná umsækjendur ekki að fara á námskeiðið áður en forsamþykki er gefið út. Það er því nóg að umsækjendur skrái sig á námskeiðið, borgi staðfestingargjald og gefi þannig loforð um að þeir ætli að sækja það. Hægt er að skrá sig á námskeið á heimasíðu [Íslenskrar ættleiðingar](#) Einnig þurfa umsækjendur að undirrita loforð sem sent er sýslumanni. ÍÆ er með eyðublað sem umsækjendur undirrita áður en umsókn er send.

Þrjú til fimm nöfn á meðmælendum: Með umsókn um forsamþykki er nóg að senda með nöfn meðmælenda, tengsl og símanúmer. Barnaverndarnefnd fær þessar upplýsingar sem setur sig svo í samband við meðmælendur.

Fæðingavottorð: Fæst hjá Þjóðskrá

Listi yfir skilgreindar þarfir: Ef umsækjendur ætla að sækja um að ættleiða barn með skilgreindar þarfir þarf að láta útfylltan lista yfir skilgreindar þarfir fylgja með umsókn um forsamþykki. Barnavernd verður að heimsækja umsækjendur lágmark 4 sinnum ef umsækjendur óska eftir að ættleiða barn með skilgreindar þarfir frá Kína.

Eftirfylgniskýrslur: Ef umsækjendur hafa áður ættleidd getur verið gagnlegt að senda afrit af eftirfylgniskýrslum.

Að fá forsamþykki fyrir ættleiðingu

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að ættleiða barn erlendis frá þarf að fá forsamþykki til ákveðins lands. Yfirleitt líða um 6 - 12 mánuðir frá því að umsókn um forsamþykki fer frá ÍÆ þangað til sýslumaður gefur það út. Forsamþykki er staðfesting frá íslenskum yfirvöldum sem staðfesta að umsækjendur eru hæfir til að ættleiða barn. Öll erlend ríki fara fram á að forsamþykki fylgi umsókn um ættleiðingu.

Íslensk ættleiðing móttækur umsókn um forsamþykki ásamt fylgigögnum, fer yfir hana og sendir til sýslumannsembættisins á höfuðborgarsvæðinu. Þanta þarf [viðtalstíma](#) og tekur viðtalið um 1 ½ klst. Áður en umsóknin er send þarf að greiða staðfestingargjald sem er [185.612](#). Þetta gjald eru ekki endurgreitt þó umsókn sé hafnað. Ef umsækjendur hafa áður greitt 15.000 kr vegna fyrsta viðtals, dregst það frá upphæðinni. Vottorð sem fylgja umsókn um forsamþykki mega ekki vera eldri en [3 mánaða](#). Umsækjendur fá fræðslu um meginákvæði íslenskra og alþjóðlegra reglna um ættleiðingar á börnum milli landa. Íslensk ættleiðing og umsækjendur gera með sér samning vegna milligöngu um ættleiðingu með það að markmiði að gera grein fyrir gagnkvæmum réttindum og skyldum og stuðla að góðu og farsælu samstarfi. ÍÆ gefur sér 5 daga til að fara yfir umsóknina og sendir svo til sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu.

Sýslumaðurinn sendir, eftir að hafa yfirfarið umsóknina, barnaverndaryfirvöldum í heimabyggð umsækjendanna beiðni um að kanna hagi þeirra. Sú vinna tekur nokkurn tíma og fer þannig fram að umsækjendur hitta félagsráðgjafa nokkrum sinnum og ræða við hann um ástæður ættleiðingarumsóknar, fjölskyldu sína, æsku, menntun og atvinnu, hjónabandið og væntingar til framtíðar með ættleiddu barni sínu. Í framhaldinu skrifar félagsráðgjafinn umsögn um umsækjendurna og á hún að vera góð kynning á væntanlegum kjörforeldrum og aðstæðum sem þeir geta boðið barni. Við gerð umsagnarinnar styðst félagsráðgjafi við leiðbeiningar í [15.gr reglugerðar um ættleiðingar](#) og getur verið gagnlegt að kynna sér hana. Umsögnin er lögð fyrir barnaverndarnefnd sem ákveður hvort hún mælir með umsækjendunum. **Niðurstaða nefndarinnar ásamt umsögninni er síðan send sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.**

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu veitir leyfi til ættleiðingar sbr. [1. gr. ættleiðingarlaga nr. 130 frá 1999](#), og gefur út forsamþykki vegna umsóknar um ættleiðingu erlends barns. Ættleiðingarnefnd er sýslumanninum og ráðuneytinu til ráðgjafar sé um einhver vafaatriði að ræða. Í ættleiðingarnefnd sitja lögfræðingur, læknir og sálfræðingur og er hún skipuð af dómsmálaráðherra.

Ef umsækjendur hafa ekki gert upp við sig hvaða landi þeir vilja ættleiða frá er hægt að tilkynna það til sýslumanns innan þriggja mánaða frá því umsókn er skilað. Forsamþykki er gefið út til þriggja ára og er stílað á yfirvöld í ákveðnu landi. Eftir það þarf að sækja um að nýju. Heimilt er að sækja um framlengingu á forsamþykki í 1 ár ef sérstaklega stendur á.

Í forsamþykkinu kemur fram m.a. að væntanlegir kjörforeldrar teljist hæfir til að ættleiða barn frá tilteknu landi. Ekki er hægt að fá forsamþykki til fleiri en eins lands í einu. Einnig þarf að taka tillit til mismunandi reglna sem upprunaríkin setja.

Þegar forsamþykki liggur fyrir er komið að því að ganga frá formlegri umsókn um ættleiðingu til erlendra yfirvalda. Safna þarf ýmsum vottorðum, láta þýða umsögn barnaverndaryfirvalda, og fá viðeigandi stimpla á öll skjölin. Kröfur landanna um fylgigögn eru misjafnar og því mikilvægt að fá leiðbeiningar ÍÆ áður en haldið er af stað í þessa vinnu. ÍÆ sér um að senda umsókn ásamt fylgigögnum til þess lands sem umsækjendur hafa valið.

Athugið að þau vottorð sem fara með umsókn um ættleiðingu til upprunaríkis eru ekki þau sömu og fara með umsókn til sýslumanns. Öll vottorð mega ekki vera eldri en 3 mánaða þegar umsóknin er send út. Barnaverndarskýrslan má ekki vera eldri en ársögmul og sálfræðimat/próf má ekki vera eldra en árgamalt.

Vert er að taka fram að Íslensk ættleiðing er hvorki umsagnar- né úrskurðaraðili í ættleiðingarmálum.